



Byggðastofnu
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 143/403
komudagur 26.11.2013

Dagsetning 26. nóvember 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar, mál 107.

Byggðastofnun telur jákvætt að leitað sé leiða til að nýta staðbundnar auðlindir hvort heldur í Austur-Húnavatnssýslu eða annars staðar á landinu. Íbúabróun á þessu svæði hefur verið óhagstæð enda byggir svæðið mjög á hefðbundnum greinum þar sem störfum hefur fækkað á undanförunum áratugum.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar.

Alþingi
Erindi nr. P 143/482
komudagur 2.12.2013

Alþingi
nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. desember 2013
2013110013


Efni: Tillaga til þingsályktunar um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar, 107. mál á 143. löggjafarþingi

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. nóvember 2013.

Bændasamtök Íslands styðja tillöguna eindregið og mæla með samþykkt hennar.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/478
komudagur 2.12.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.12.2013
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar, þskj. 110 – 107. mál.

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun.

Með setningu raforkulaga nr. 65/2003 fór sem kunnugt er fram heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Með setningu laganna var komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku þannig að vinnsla og sala á raforku fer nú fram á einkaréttarlegum grundvelli í samkeppnisumhverfi en flutningur og dreifing raforku lýtur hins vegar öðrum lögmálum, en þar um að ræða einkaleyfisskylda starfsemi.

Þingsályktunartillagan snýr að átaki stjórnvalda og sveitarfélaga. Lítur Landsvirkjun svo á, með vísan til framangreinds, að með umsagnarbeiðninni sé því fyrst og fremst verið að leita eftir upplýsingum um markaðsstarf Landsvirkjunar og möguleikum á sölu raforku til iðnaðar á svæðinu, en hún fer fram á samkeppnisgrundvelli svo sem áður er rakið.

Landsvirkjun fagnar hins vegar aðkomu stjórnvalda að hvers konar verkefnum sem til þess eru fallin að efla starfsskilyrði atvinnulífsins og áherslu á sköpun nýrra starfa í því samhengi.

Landsvirkjun hefur síðan 1965 lagt áherslu á uppbyggingu langtímaviðskiptasambanda og boðið viðskiptavinum sínum verðmætaskapandi orkulausnir með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni þeirra og auðvelda stækkun fyrirtækja á gagnkvæmt verðmætaskapandi forsendum. Landsvirkjun stendur frammi fyrir fjölbreyttum tækifærum bæði hvað varðar nýjar vörur og sókn á nýja markaði, til dæmis á sviði kísilmálms og gagnavera. Landsvirkjun býður hagkvæmar/aðlaðandi orkulausnir fyrir gagnaversiðnaðinn og hefur sett sér metnaðarfull markmið í því að þjónusta greinina. Fyrirtækið býður samkeppnishæfasta orkuverð í Evrópu til lengri tíma, áreiðanlega orkuvinnslu og 100% endurnýjanlega orku og hefur sett sér það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni orkulausna viðskiptavina sinna og auðvelda viðskiptavinum að stækka á gagnkvæmt verðmætaskapandi forsendum. Fyrirtækið býður fimm til tólf ára orkusamninga og samkeppnishæft umsamið markaðsverð. Í nýjum („Greenfield“) verkefnum koma til greina lengri samningar og aukinn orkuafsláttur fyrstu ár samnings.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/253
komudagur 19.11.2013



Reykjavík 19. nóvember 2013

Efni: Þingsályktunartillaga um um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar.

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir nauðsyn þess að vinna að uppbyggingu atvinnulífs, jafnt í Austur-Húnavatnssýslu sem og annars staðar á landinu, og taka jafnframt undir það að brýnt er að nýta þau tækifæri sem gefast á hinum ýmsu svæðum.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri